

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1244/2007

2011/EES/68/23

frá 24. október 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tiltekna afurðir úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneldis, og um sértækar reglur um opinbert eftirlit í tengslum við skoðun á kjöti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽¹⁾, einkum 16. gr. og 3., 7. og 12. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽²⁾, reglugerð (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽³⁾ er mælt fyrir um heilbrigðisreglur og -kröfur varðandi matvæli úr dýraríkinu og opinbert eftirlit sem krafist er.
- 2) Mælt er fyrir um framkvæmdarreglur fyrir þær reglugerðir í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tiltekna afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð

Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ⁽⁴⁾.

- 3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004 getur lögbært yfirvald ákveðið að opinber dýralæknir þurfi ekki að vera viðstaddur öllum stundum meðan skoðun fer fram eftir slátrun í tilteknum slátruhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr og eru skilgreindar á grundvelli áhættugreiningar. Í þeim tilvikum skal opinber aðstoðarmaður annast skoðunina eftir slátrun, og getur það stuðlað að því að draga úr fjárhagslegri byrði fyrirtækja með litla framleiðslu.
- 4) Viðmiðanir fyrir slíkar undanþágur skulu ákveðnar á grundvelli áhættugreiningar. Starfsstöðvar, þar sem fram fer ósamfelld slátrun eða meðhöndlun veiðidýra, gegna m.a. félagslegu og efnahagslegu hlutverki í sveitarfélögum í dreifbýli. Því eiga þessar starfsstöðvar að geta haft hag af slíkum undanþágum að því tilskildu að þær uppfylli lagalegar kröfur og kröfur um hollustuhætti.
- 5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004 getur lögbæra yfirvaldið ákveðið að eldissvín, sem hafa verið hýst við stýrð skilyrði í samþættum framleiðsluferfum allt frá því að þau voru vanin undan, þurfi einungis að sæta sjónrænni skoðun. Rétt er að mæla fyrir um sértækari kröfur að því er varðar við hvaða skilyrði skal heimila slíkar einfaldaðar en áhættumiðaðar verklagsreglur um skoðun á kjöti.
- 6) Hinn 24. febrúar 2000 samþykkti vísindanefndin um heilbrigðisráðstafanir á sviði dýra og dýraafurða sem tengjast lýðheilsu álit um endurskoðun á verklagsreglum um kjötskoðun, sem varðar almennar meginreglur um skoðun á kjöti. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að bæta megi núverandi kjötskoðunarkerfi með upplýsingum frá öllu framleiðsluferlinu, beitingu meginreglna um greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS-kerfið) í slátruhúsinu og örverufræðilegri vöktun á vísilífverum í saur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 12. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30, 10.6.2010, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206, með leiðréttingum samkvæmt Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, með leiðréttingum samkvæmt Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1, með leiðréttingum samkvæmt Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1664/2006 (Stjtið. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 13).

- 7) Hinn 20. og 21. júní samþykkti vísindanefndin um heilbrigðisráðstafanir á sviði dýra og dýraafurða sem tengjast lýðheilsu álit um auðkenningu á tegundum/flokkum dýra, sem gefa af sér kjöt, í samþættum framleiðslukerfum þar sem endurskoða má skoðun á kjöti. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að nú þegar sé fjöldi framleiðslukerfa við lýði í aðildarríkjunum, þar sem viðmiðanir fyrir notkun einfaldaðs kjötskoðunarkerfis hafa verið uppfylltar.
- 8) Hinn 14. og 15. apríl 2003 samþykkti vísindanefndin um heilbrigðisráðstafanir á sviði dýra og dýraafurða sem tengjast lýðheilsu álit um endurskoðun varðandi skoðun á kjöti eldiskálfa, þar sem kemur fram að sjónræn skoðun á eldiskálfum, sem aldir eru í samþættum kerfum, nægi við reglubundnar skoðanir en meðan berklar í nautgripum hafa ekki verið upprættir þarf að halda áfram að hafa eftirlit með berklum í nautgripum, bæði á bújörðum og í sláturhúsum.
- 9) Hinn 26. nóvember 2003 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu álit um „Berklar í nautgripum: áhætta fyrir heilbrigði manna og eftirlitsaðferðir“, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að skilvirk skoðun á tilteknum eitlum og lungum eftir slátrun sé mikilvægur þáttur í áætlunum viðkomandi lands til að útrýma berklum í nautgripum, og jafnframt óaðskiljanlegur hluti áætlana um kjötskoðun, sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða, sem miða að því að vernda heilbrigði manna.
- 10) Hinn 1. desember 2004 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu álit um „Endurskoðun á skoðun kjöts af nautgripum, sem eru aldir í samþættum framleiðslukerfum“, þar sem kemur fram að haldið skuli áfram, sem hluta af endurskoðuðu kerfi við kjötskoðun eftir slátrun, að rista í eitla í því skyni að geta greint vefjaskemmdir vegna berkla.
- 11) Hinn 18. maí 2006 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu álit um „Mat á áhættu á sviði lýðheilsu og dýraheilbrigðis í tengslum við að taka upp kerfi til sjónrænnar skoðunar á eldiskálfum sem aldir eru í aðildarríki (eða hluta aðildarríkis) sem talið er að sé laust við berkla í nautgripum“. Þar kemur fram að unnt sé að takmarka skoðun eftir slátrun við sjónræna skoðun og þreifingu á eitlum þegar um er að ræða eldiskálfa sem aldir eru í samþættum framleiðslueiningum og í hjörðum sem teljast opinberlega lausar við berkla.
- 12) Hinn 22. apríl 2004 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu álit um „Verklagsreglur við skoðun kjöts af lömbum og geitum“. Þar kemur fram að alvarlegt sjúkdómsástand, sem sést við skoðun á kjöti lamba og kíðlinga, megi greina með sjónrænni skoðun og þannig megi koma í veg fyrir víxlmengun, þakkað sé minni meðhöndlun.
- 13) Hinn 27. og 28. september samþykkti vísindanefndin um heilbrigðisráðstafanir á sviði dýra og dýraafurða sem tengjast lýðheilsu álit um „Varnir gegn bandormslirfusýki/bandormsásýki í mönnum og dýrum“. Þar eru skilgreindar þær forsendur sem eru nauðsynlegar til að tryggja umhverfi sem er laust við bandormslirfusýki.
- 14) Hinn 26. og 27. janúar 2005 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu álit um „Áhættumat á endurskoðaðri útfærslu skoðunar á sláturdýrum á svæðum þar sem bandormssullur er óalgengur“. Þar er lögð áhersla á nauðsyn þess að setja fram áhættulýsingar fyrir mismunandi framleiðslukerfi fyrir kálfkjöt. Hægt er að beita einfaldaðri skoðun eftir slátrun þegar um er að ræða kálfa sem eru aldir í samþættum framleiðslukerfum sem áður hafa verið metin sem áhættulítill.
- 15) Á grundvelli þessara vísindalegu álita er rétt að mæla fyrir um skilyrði fyrir einfaldaðar en áhættumiðaðar verklagsreglur fyrir skoðun á kjöti af ungum jörturdýrum.
- 16) Forsenda áhættumiðaðrar skoðunar á kjöti, sem ekki er rist í, skal vera að upplýsingar úr matvælaferlinu liggja fyrir sólarhring fyrir slátrun. Þegar einfölduðum verklagsreglum er beitt við kjötskoðun skal stjórnanda matvælaafyrirtækis því ekki standa það til boða að nýta sér umbreytingarfyrirkomulagið [áður: bráðabirgðafyrirkomulagið] sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004⁽¹⁾.
- 17) Í reglugerð (EB) nr. 2074/2005 er kveðið á um greiningaraðferðir til að greina innihald þörungaeiturs sem veldur minnisleysi (ASP) í ætum hluta lindýra. Líta ber á 2006.02 ASP-ELISA-aðferðina, sem var birt í *AOAC Journal* í júní 2006, sem staðgönguskimunar aðferð í stað háþrýstivöskviljunar til að greina í samlokum þörungaeitur sem veldur minnisleysi. ELISA-aðferðin hefur þann kost að með henni má skima mikinn fjölda sýna með tiltölulega litlum tilkostnaði.
- 18) Í D-hluta IX. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að þar sem við á skuli skoða hófdýr til að kanna hvort þau séu haldin snífi. Ítarleg leit að snífi við skoðun eftir slátrun skal vera skyldubundin ef um er að ræða hófdýr eða kjöt af hófdýrum sem eru upprunnin í löndum sem ekki eru laus við sjúkdómminn.

(1) Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 479/2007 (Stjtið. ESB L 111, 28.4.2007, bls. 46).

- 19) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2074/2005 til samræmis við það.
- 20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2074/2005 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. b

Kröfur sem varða opinbert eftirlit með skoðun á kjöti að því er varðar reglugerð (EB) nr. 854/2004

Í VI. viðauka b er mælt fyrir um kröfur sem varða opinbert eftirlit með skoðun á kjöti.”

2. Ákvæðum II. kafla III. viðauka er breytt til samræmis við I. viðauka við þessa reglugerð.
3. Texta II. viðauka við þessa reglugerð er bætt við sem VI. viðauka b.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Í stað II. kafla í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 komi eftirfarandi:

*„II. KAFLI***GREININGARÁÐFERÐ FYRIR ÞÖRUNGAEITUR SEM VELDUR MINNISLEYSI (ASP)**

Greina skal í ætum hlutum lindýra (öllu dýrinu eða einhverjum ætum hluta þess) heildarinnihald þörungaeiturs sem veldur minnisleysi með háþrýstivöskviljun (HPLC) eða annarri alþjóðlega viðurkenndri aðferð.

Að því er skimun varðar má þó einnig nota 2006.02 ASP-ELISA-aðferðina, sem var birt í *AOAC Journal* í júní 2006, til að greina í ætum hlutum lindýra heildarinnihald þörungaeiturs sem veldur minnisleysi.

Ef niðurstöðurnar eru dregnar í efa skal háþrýstivöskviljunin vera tilvísunaraðferð.”

II. VIÐAUKI

§ VI. VIÐAUKI b

KRÖFUR SEM EIGA VIÐ UM OPINBERT EFTIRLIT MEÐ SKOÐUN Á KJÖTI

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - a) „húsakostur við stýrð skilyrði og samþætt framleiðslukerfi“ merkir starfshætti í búfjárrækt þar sem dýr eru haldin við skilyrði sem eru í samræmi við viðmiðanimar sem settar eru fram í viðbætinum,
 - b) „ungur nautgripur“ merkir nautgrip af hvoru kyni sem er, ekki eldri en átta mánaða,
 - c) „ung sauðkind“ merkir sauðkind af hvoru kyni sem er og sem er ekki komin með neina fullorðinsframtönn og er ekki eldri en tólf mánaða,
 - d) „ung geit“ merkir geit af hvoru kyni sem er, ekki eldri en sex mánaða,
 - e) „hjörð“ merkir dýr eða hóp dýra sem er haldinn á bújörð sem faraldsfræðileg eining; ef fleiri en ein hjörð eru haldnar á bújörð skal hver hjörð mynda sérstaka faraldsfræðilega einingu,
 - f) „bújörð“ merkir allar starfsstöðvar og byggingar eða, ef um er að ræða bú þar sem búfé gengur úti, allir staðir innan yfirráðasvæðis sama aðildarríkis þar sem dýr eru haldin, geymd eða meðhöndluð,
 - g) „starfsstöð þar sem fram fer ósamfelld slátrun eða meðhöndlun veiðidýra“ merkir sláturhús eða starfsstöð, þar sem veiðidýr eru meðhöndluð, sem lögbært yfirvald hefur tilnefnt á grundvelli áhættugreiningar, þar sem slátrun eða meðhöndlun veiðidýra fer ekki fram heilan vinnudag í senn eða marga virka daga í röð.
2. Skoðun eftir slátrun í starfsstöðvum þar sem fram fer ósamfelld slátrun eða meðhöndlun veiðidýra.
 - a) Í samræmi við b-lið 2. liðar II. kafla III. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 getur lögbært yfirvald ákveðið að opinber dýralæknir þurfi ekki að vera viðstaddur öllum stundum meðan skoðun fer fram eftir slátrun, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. starfsstöðin, sem um er að ræða, er starfsstöð þar sem fram fer ósamfelld slátrun eða meðhöndlun veiðidýra og sem hefur fullnægjandi aðstöðu til að geyma afbrigðilegt kjöt þar til opinber dýralæknir getur framkvæmt lokaskoðun eftir slátrun,
 - ii. opinber aðstoðarmaður annast skoðun eftir slátrun,
 - iii. opinber dýralæknir er staddur á starfsstöðinni a.m.k. einu sinni á dag þegar slátrun fer fram eða hefur farið fram,
 - iv. lögbært yfirvald hefur tekið upp verklagsreglu til þess að meta reglulega frammistöðu opinberra aðstoðarmanna á þessum starfsstöðvum, þ.m.t. með því að:
 - vakta frammistöðu einstaklinga,
 - sannpröfun á skjalahaldi með tilliti til niðurstaðna úr skoðunum og samanburði við samsvarandi skrokka,
 - skoðun á skrokkum í geymslurýminu.
 - b) Í áhættugreiningunni, sem lögbært yfirvald sér um og um getur í g-lið 1. liðar, sem er gerð til þess að tilgreina þær starfsstöðvar sem geta fallið undir undanþáguna, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. liðar, skal a.m.k. taka tillit til eftirfarandi þátta:
 - i. fjölda dýra, sem slátrað er, eða sem eru meðhöndluð á klukkustund eða á dag,
 - ii. tegunda og flokka dýranna sem slátrað er eða sem eru meðhöndluð,
 - iii. afkastagetu starfsstöðvarinnar,
 - iv. fyrrri árangurs í tengslum við slátrun eða meðhöndlun,

- v. skilvirkni allra annarra ráðstafana í matvælaferlinu í tengslum við að útvega dýr til slátrunar sem eru gerðar í því skyni að tryggja öryggi matvæla,
 - vi. skilvirkni kerfisins, sem byggir á GÁHMSS-kerfinu, sem er fyrir hendi,
 - vii. skráa yfir úttektir,
 - viii. fyrri skráa lögbærs yfirvalds um skoðanir fyrir og eftir slátrun.
3. Kröfur vegna áhættumiðaðrar skoðunar á kjöti sem ekki er rist í.
- a) Í samræmi við 2. lið B-hluta IV. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 getur lögbært yfirvald takmarkað skoðun á eldissvínunum eftir slátrun við sjónræna skoðun, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. stjórnandi matvælafyrirtækis fullvissar sig um það að dýrin séu haldin í húsakosti við stýrð skilyrði og í samþættum framleiðsluferfum, eins og mælt er fyrir um í viðbætinum við þennan viðauka,
 - ii. stjórnandi matvælafyrirtækisins fellur ekki undir umbreytingarfyrirkomulagið að því er varðar upplýsingar um matvælaferlið sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005.
 - iii. lögbært yfirvald kemur í framkvæmd eða gefur fyrirmæli um að koma í framkvæmd reglubundinni, sermifræðilegri og/eða örverufræðilegri vöktun á tilteknum fjölda dýra sem valinn er á grundvelli áhættugreiningar á hættum sem tengjast öryggi matvæla og eru fyrir hendi í lifandi dýrum og skipta máli á bújörðum.
 - b) Þrátt fyrir sértæku kröfurnar í I. og II. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er heimilt að einfalda verklagsreglur við skoðun ungra nautgripa, ungra sauðkinda og ungra geita eftir slátrun þannig að sjónræn skoðun með takmarkaðri þreifingu nægi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. stjórnandi matvælafyrirtækisins fullvissar sig um það að ungum nautgripum sé haldið í húsakosti við stýrð skilyrði og í samþættum framleiðsluferfum, eins og mælt er fyrir um í viðbætinum við þennan viðauka,
 - ii. stjórnandi matvælafyrirtækisins tryggir að ungir nautgripir séu aldir í hjörð sem er opinberlega laus við berkla í nautgripum,
 - iii. stjórnandi matvælafyrirtækisins fellur ekki undir umbreytingarfyrirkomulagið að því er varðar upplýsingar um matvælaferlið sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005.
 - iv. lögbært yfirvald kemur í framkvæmd eða gefur fyrirmæli um að koma í framkvæmd reglubundinni, sermifræðilegri og/eða örverufræðilegri vöktun á tilteknum fjölda dýra sem valinn er á grundvelli áhættugreiningar á hættum sem tengjast öryggi matvæla og eru fyrir hendi í lifandi dýrum og skipta máli á bújörðum,
 - v. skoðun ungra nautgripa eftir slátrun felur alltaf í sér þreifingu aftankoks-, berkju- og miðmætiseitla.
 - c) Ef afbrigðileiki hefur greinst skal skrokkurinn og sláturmaturinn sæta fullri skoðun eftir slátrun eins og kveðið er á um í I. og II. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004. Þó getur lögbært yfirvald ákveðið, á grundvelli áhættugreiningar, að kjöt, sem er lítillaga afbrigðilegt samkvæmt skilgreiningu lögbærra yfirvalda, sem skapar ekki áhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna þurfi ekki að sæta fullri skoðun eftir slátrun.
 - d) Heimilt er að flytja unga nautgripa, sauðfé og geitur og svín, sem búið er að venja undan, sem fara ekki beint frá fæðingarbújörð til slátruhúss, einu sinni til annarrar bújarðar (til kynbóta eða eldis) áður en þau eru send í slátruhús. Í slíkum tilvikum:
 - i. má nota reglufestar söfnunarstöðvar fyrir unga nautgripa, ungt sauðfé eða ungar geitur milli upprunabújarðar og kynbóta- eða eldisbújarðar og einnig milli þessara bújarða og slátruhússins,
 - ii. skal tryggja rekjanleika einstakra dýra eða dýrahópa.
4. Viðbótarkröfur vegna skoðunar á hófdýrum eftir slátrun.
- a) Í samræmi við grein 2.5.8.2. í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr skal ekki setja nýtt kjöt af hófdýrum, sem eru alin í löndum sem eru ekki laus við sníf, á markað nema slíkt kjöt sé af hófdýrum sem hafa verið skoðuð til að kanna hvort þau séu haldin snífi í samræmi við D-lið IX. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.
 - b) Nýtt kjöt af hófdýrum, sem hafa greinst með sníf, skal dæmt óhæft til manneldis eins og kveðið er á um í D-lið IX. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.

Viðbætur við VI. viðauka b

Að því er varðar þennan viðauka merkir „húsakostur við stýrð skilyrði og samþætt framleiðsluferfi“ að stjórnanda matvælafyrirtækis ber að fara að viðmiðuninum sem settar eru fram hér á eftir:

- a) allt fóður er fengið frá starfsstöð sem framleiðir fóður í samræmi við kröfurnar sem kveðið er á um í 4. og 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 ⁽¹⁾, þegar dýr eru fóðruð á gróffóðri eða fóðurplöntum skulu þær meðhöndlaðar á viðeigandi hátt og ef unnt er, þurrkaðar og/eða kögglaðar,
- b) beitt er kerfinu allt inn-allt út (e. all-in/all-out system), eftir því sem unnt er. Þegar dýr eru tekin inn í hjörðina skal hafa þau í einangrun svo lengi sem krafist er af hálfu heilbrigðisþjónustu fyrir dýr og dýraafurðir til að koma í veg fyrir aðflutning sjúkdóma,
- c) ekkert dýranna hefur aðgang að aðstöðu utandyra nema stjórnandi matvælafyrirtækis geti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á það á fullnægjandi hátt með áhættugreiningu að tímabil, aðstaða og aðstæður í tengslum við aðgang að útisvæðum skapi ekki hættu á aðflutningi sjúkdóma í hjörðina,
- d) ítarlegar upplýsingar um dýrin frá fæðingu til slátrunar eru tiltækar og um þau skilyrði, sem þeim er haldið við, eins og mælt er fyrir um í III. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- e) ef undirburður er settur undir dýrin er komið í veg fyrir tilvist sjúkdóms eða aðflutning sjúkdóms með viðeigandi meðhöndlun á undirburðarefninu,
- f) starfsfólk bújarðar fer að ákvæðum um hollustuhætti sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004,
- g) verklausreglur eru fyrir hendi til að stýra aðgangi að stöðunum þar sem dýrunum er haldið,
- h) á bújörðinni er ekki aðstaða fyrir ferðamenn eða til að tjalda, nema stjórnandi matvælafyrirtækisins geti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á það á fullnægjandi hátt með áhættugreiningu að aðstaðan sé svo vel skilin frá dýraeldiseiningunum að bein og óbein snerting milli manna og dýra sé útilokuð,
- i) dýrin hafa ekki aðgang að sorphaugum eða heimilissorpi,
- j) áætlun um varnaraðgerðir gegn meindýrum er fyrir hendi,
- k) vothey er ekki notað til fóðrunar nema stjórnandi matvælafyrirtækisins geti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á það á fullnægjandi hátt með áhættugreiningu að fóðrið skapi ekki neina hættu fyrir dýrin,
- l) frárennsli og set úr skólphreinsistöðvum eru ekki losuð á svæðum sem dýrin hafa aðgang að eða notuð sem áburður á beitoland sem er tekið til ræktunar á plöntum sem eru notaðar sem fóður, nema eftir viðeigandi meðhöndlun á fullnægjandi hátt að mati lögbærs yfirvalds.

⁽¹⁾ Stjótt. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.